

Samband íslenskra sveitarfélaga

**Ársreikningur
2023**

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30
105 Reykjavík
kt. 550269-4739

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnenda	3	Efnahagsreikningur	7
Áritun óháðs endurskoðanda	4	Sjóðstreymisyfirlit	8
Rekstrarreikningur	6	Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnenda

Samband íslenskra sveitarfélaga var stofnað árið 1945 og er meginhlutverk þess að vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaganna í landinu og að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra og samstarfi. Samtals eru 63 af 64 sveitarfélögum með aðild að sambandinu.

Á árinu 2009 var stofnaður sérstakur tryggingasjóður, Bakhjarl Sambands íslenskra sveitarfélaga, og er gerð nánari grein fyrir honum í skýringu 2.

Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og á fyrra ári.

Samkvæmt rekstrarreikningi voru rekstrartekjur 1.031,2 m.kr. á árinu 2023 en rekstrargjöld 1.006,0 m.kr. Rekstrarafkoma ársins fyrir fjármagnsliði var því jákvæð um 25,2 m.kr. en að teknu tilliti til fjármunatekna og fjármagnsgjalda var afkoma ársins jákvæð um 29,6 m.kr.

Laun og launatengd gjöld samkvæmt rekstrarreikningi námu samtals 717,7 m.kr. Þar af eru laun vegna stjórnar, nefnda og ráða 52,1 m.kr. Ársverk starfsmanna voru 35,7

Heildareignir sambandsins samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2023 nema 409,4 m.kr. en skuldir námu 162,9 m.kr. Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi nam 246,6 m.kr. í árslok 2023.

Stjórn, framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfesta hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík 23. febrúar 2024

Stjórn:

Heiða Björg Hilmisdóttir

Einar Þorsteinsson

Hildur Björnsdóttir

Rósa Guðbjartsdóttir

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Lilja Björg Ágústsdóttir

Nanný Anna Guðmundsdóttir

Freyr Antonsson

Jón Björn Hákonarson

Margrét Ólög A. Sanders

Walter Fannar Kristjánsson

Framkvæmdastjóri:

Arnar Þór Björnsson

Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs:

Valur Rafn Halldórsson

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir hér með ársreikning Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Sambands Íslenskra sveitarfélaga („sambandið“) fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sambandsins 31. desember 2023 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð sambandinu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi sambandsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa sambandið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sambandsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sambandsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreiknings eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sambandsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 23. febrúar 2023

KPMG ehf.

Lilja Dögg Karlsdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	Ársreikningur 2023	Fjárhagsáætlun 2023	Ársreikningur 2022
Rekstrartekjur:				
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga		719.821.927	666.645.000	608.547.938
Seldar vörur og þjónusta		226.799.571	346.319.000	212.955.811
Aðrar tekjur		84.624.777	108.900.000	100.082.420
	10	<u>1.031.246.275</u>	<u>1.121.864.000</u>	<u>921.586.169</u>
Rekstrargjöld:				
Laun og launatengd gjöld	11	717.657.175	703.648.000	585.185.461
Annar rekstrarkostnaður	12	284.920.687	413.283.000	322.452.361
Afskriftir	14	3.426.750	3.427.000	3.426.750
		<u>1.006.004.612</u>	<u>1.120.358.000</u>	<u>911.064.572</u>
Rekstrarafkoma ársins		<u>25.241.663</u>	<u>1.506.000</u>	<u>10.521.597</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):				
Vaxtatekjur		4.318.510	1.002.000	834.742
Vaxtagjöld		(999)	(5.000)	(2.001)
		<u>4.317.511</u>	<u>997.000</u>	<u>832.741</u>
Afkoma ársins	16, 20	<u>29.559.174</u>	<u>2.503.000</u>	<u>11.354.338</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir

	Skýr.	2023	2022
Fastafjármunir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
65% fasteignarinnar að Borgartúni 30, 5. hæð, Rvk.	6, 14	128.000.740	131.427.490
Áhættufjármunir:			
Eignarhlutir í félögum	7	620.711	620.711
Fastafjármunir samtals		128.621.451	132.048.201
Veltufjármunir:			
Óinnheimtar tekjur	15	23.049.952	85.040.560
Aðrar skammtímaskuldir	15	41.470.190	36.081.006
Handbært fé	8	216.305.938	117.244.310
Veltufjármunir samtals		280.826.080	238.365.876
Eignir samtals		409.447.531	370.414.077

Eigið fé og skuldir

Eigið fé:

Eiginfjárreikningur	16	246.554.389	216.995.215
---------------------------	----	-------------	-------------

Skammtímaskuldir:

Viðskiptaskuldir		68.634.812	38.634.099
Aðrar skammtímaskuldir		94.258.330	114.784.763
Skammtímaskuldir samtals		162.893.142	153.418.862

Eigið fé og skuldir samtals		409.447.531	370.414.077
------------------------------------	--	--------------------	--------------------

Sjóðstreymisýfirlit árið 2023

	Skýr.	Ársreikningur 2023	Fjárhagsáætlun 2023	Ársreikningur 2022
Rekstrarhreyfingar:				
Afkoma ársins samkvæmt rekstrarreikningi	16	29.559.174	2.503.000	11.354.338
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:				
Afskriftir	14	3.426.750	3.426.750	3.426.750
Veltufé frá rekstri		<u>32.985.924</u>	<u>5.929.750</u>	<u>14.781.088</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:				
Skammtímakröfur lækkun		56.601.424	50.741.346	59.638.281
Skammtímaskuldir hækkun (lækkun)		<u>9.474.280</u>	<u>(48.915.562)</u>	<u>(63.061.299)</u>
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>66.075.704</u>	<u>1.825.784</u>	<u>(3.423.018)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>99.061.628</u>	<u>7.755.534</u>	<u>11.358.070</u>
Fjárfestingarhreyfingar:				
Endurbætur í Borgartúni 30	14	0	0	(62.512.843)
Framlag frá Bakhjarli sambandsins	16	0	0	50.000.000
		<u>0</u>	<u>0</u>	<u>(12.512.843)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		99.061.628	7.755.534	(1.154.773)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>117.244.310</u>	<u>139.757.153</u>	<u>118.399.083</u>
Handbært fé í árslok		<u>216.305.938</u>	<u>147.512.687</u>	<u>117.244.310</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

- 1 Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
- 2 Á árinu 2009 var stofnaður sérstaktur tryggingasjóður, Bakhjarl Sambands íslenskra sveitarfélaga, til að annast vörslu og ávöxtun þeirra fjármuna sem komu í hlut sambandsins við uppgjör Bjargráðasjóðs á því ári. Markmiðið er að raunvextir fjármuna Bakhjarls, og eftir atvikum höfuðstóll hans, verði á hverjum tíma nýttir til að standa undir lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna sambandsins og fyrrverandi starfsmanna Bjargráðasjóðs. Einnig er Bakhjarli ætlað að standa á bak við rekstur sambandsins, eins og nafn hans gefur til kynna. Ekki kom til þess að veitt yrði sérstakt rekstrarframlag úr Bakhjarli til sambandsins á árinu 2023, en lífeyrisskuldbinding sambandsins og áhrif af uppgjöri við Brú lífeyrissjóð vegna starfsmanna sambandsins eru færð í bókhaldi Bakhjarls. Gerð eru sérstök reikningsskil fyrir tryggingarsjóðinn.
- 3 Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sameiginlegt skrifstofuhald með Lánasjóði sveitarfélaga ohf., samkvæmt sérstökum samningi sem gerður var á árinu 2004. Sambandið og Lánasjóður sveitarfélaga eiga og reka saman skrifstofuhúsnæði á 5. hæð í Borgartúni 30.

Sameiginlegur skrifstofukostnaður samstarfsstofnana á árinu kemur fram í skýringu 13 í ársreikningnum. Til gjalda í rekstri er færð hlutdeild sambandsins í rekstri húsnæðis, en hlutdeild samstarfsstofnana í öðrum rekstrarkostnaði er færð meðal tekna.

Innlausn tekna

- 4 Megintekjustofn sambandsins er framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og er það fært til tekna mánaðarlega miðað við útborgun sjóðsins. Framlagið byggist á lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum og nemur 1,7% af almennu framlagi ríkissjóðs til jöfnunarsjóðsins og 1,7% af hlutdeild jöfnunarsjóðs í útsvarstekjum sveitarfélaga.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Færsla gjalda

- 5 Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljenda hefur myndast.

Varanlegir rekstrarfjármunir

- 6 Eignarhlutur í fasteign er færður til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími er þannig:

Fasteign 50 ár

Eignarhlutir í félögum

- 7 Sambandið á eignarhlut í Endurvinnslunni hf. og er hann færður til eignar í efnahagsreikningi á framreiknuðu kostnaðarverði 89.461 kr. til ársloka 2001. Á árinu 2010 var lagt fram hlutafé í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. að fjárhæð 31.250 kr. og er það fært til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði. Á árinu 2021 var lagt fram stofnfé í Jafnlaunastofu sf. að fjárhæð 500.000 kr. og er það fært til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði.

Handbært fé

- 8 Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

Skýringar frh.

Reikningsskilaaðferðir frh.

Fjárhagsáætlun

- 9 Fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 2023 er hluti ársreikningsins og er hún birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti og skýringum.

Rekstrartekjur

- 10 Rekstrartekjur greinast þannig:

	Ársreikningur 2023	Fjárhagsáætlun 2023	Ársreikningur 2022
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	719.821.927	666.645.000	608.547.938
	719.821.927	666.645.000	608.547.938
Seldar vörur og þjónusta:			
Sveitarfélög	153.132.167	271.100	141.027.163
Ráðstefnu- og námskeiðsgjöld	23.795.550	23.980.000	23.797.000
Bækur, auglýsingar o.fl.	1.403.852	3.139.000	3.155.167
Samstarfsstofnanir	48.468.002	48.100.000	44.976.481
	226.799.571	75.490.100	212.955.811
Aðrar tekjur:			
Ráðuneyti og ríkisstofnanir	56.109.675	42.500.000	44.447.039
Önnur framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	27.771.000	28.700.000	32.229.000
Styrkir og endurgreiðslur	744.102	37.700.000	23.406.381
	84.624.777	108.900.000	100.082.420
Rekstrartekjur samtals	1.031.246.275	851.035.100	921.586.169

Starfsmannamál

- 11 Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	584.651.823	569.954.000	473.887.333
Launatengd gjöld	135.972.967	129.420.000	108.795.681
Áfallið orlof, breyting	(2.967.615)	4.274.000	2.502.447
	717.657.175	703.648.000	585.185.461
Ársverk starfsmanna	35,7	30,8	31,1

Annar rekstrarkostnaður

- 12 Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

Vörukaup	41.581.809	43.158.550	58.023.399
Þjónustukaup	231.467.386	361.447.450	256.671.528
Skattar og opinber gjöld	7.797.692	7.127.000	6.207.434
Styrkir og framlög	4.073.800	1.550.000	1.550.000
Annar rekstrarkostnaður samtals	284.920.687	413.283.000	322.452.361

Skýringar frh.

Sameiginlegur kostnaður samstarfsstofnana

- 13 Sameiginlegur kostnaður sambandsins og Lánasjóðs sveitarfélaga ohf., sbr. skýringu 3, nam 244,3 m.kr. á árinu 2023 og skiptist hann þannig:

	Sambandið	Lánasjóður	Samtals
Rekstur húsnæðis	16.070.827	8.607.785	24.678.612
Annar sameiginlegur kostnaður	189.675.627	29.913.516	219.589.143
Samtals	205.746.454	38.521.301	244.267.755
Hlutfall	84,2%	15,8%	100%

Varanlegir rekstrarfjármunir

- 14 Bókfært verð 65% eignarhluta sambandsins í 5. hæð fasteignarinnar að Borgartúni 30 greinist þannig:

Stofnverð 1.1.2023	171.337.503
Afskrifað áður	(39.910.013)
Bókfært verð 1.1.2023	131.427.490
Afskrifað á árinu	(3.426.750)
Bókfært verð 31.12.2023	128.000.740
Stofnverð 31.12.2023	171.337.503
Afskrifað samtals 31.12.2023	(43.336.763)
Bókfært verð 31.12.2023	128.000.740
Afskriftahlutfall	2%
Fasteignamat eignarhlutans nemur 232,7 m.kr. í árslok 2023 (2022; 229,2 millj.kr.).	
Brunabótamat eignarhlutans nemur 293,2 m.kr. á sama tíma (2022; 274,9 millj.kr.).	

Skammtímakröfur

- 15 Óinnheimtar tekjur og ýmsar skammtímakröfur samkvæmt efnahagsreikningi námu 64,5 m.kr. í árslok 2023. Kröfurnar eru nær eingöngu á opinbera aðila og er því ekki gerð óbein niðurfærsla á kröfunum í árslok.

Eigið fé

- 16 Eigið fé greinist þannig:

Eigið fé 1.1. 2023	216.995.215
Afkoma ársins	29.559.174
Eigið fé 31.12. 2023	246.554.389

Lykiltölur

17 Helstu lykiltölur:	2023	2022
Veltufjárhlutfall - Veltufjármunir/skammtímaskuldum	1,72	1,55
Eiginfjárhlutfall - Eigið fé/heildarfjármagni	60,2%	58,6%

Kjarasvið - kjaramál

- 18 Á XXIV. landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið var á Akureyri í september 2010 var samþykkt að leggja Launanevnd sveitarfélaga niður og fela sambandinu að sinna því hlutverki í kjaramálum sem launanevndin hafði haft frá árinu 1982 þegar hún var stofnuð. Kjarasvið sambandsins hefur yfirumsjón með kjarasamningagerð og framkvæmd kjarasamninga gagnvart viðsejendum sveitarfélaganna, en stjórn sambandsins setur markmið og mótar stefnu sambandsins í kjaramálum. Sviðsstjóri kjarasviðs og framkvæmdastjóri sambandsins bera síðan ábyrgð á að markmiðum og stefnu sambandsins í kjarasamningagerð sé fylgt. Jafnframt hefur stjórn sambandsins skipað 5 manna kjaramálanefnd til ráðgjafar fyrir sig og starfsmenn kjarasviðs.

Sveitarfélögin endurgreiða sambandinu hluta af kostnaði við kjarasamningagerð og framkvæmd kjarasamninga.

	Ársreikningur 2023	Áætlun 2023	Ársreikningur 2022
Starfsmat:			
Vörukaup	0	0	25.251
Þjónustukaup	45.804.000	45.000.000	50.101.908
Samtals kostnaður	45.804.000	45.000.000	50.127.159
Endurgreiðslur sveitarfélaga	(45.804.000)	(45.000.000)	(50.127.159)
Samtals	0	0	0
Kostnaðarhlutdeild:			
Hlutdeild í sérkostnaði kjarasviðs	50.000.000	50.000.000	0
Endurgreiðslur sveitarfélaga	(50.000.000)	(50.000.000)	0
Samtals	0	0	0

- 19 Viðskiptareikningur sveitarfélaga hjá sambandinu vegna kjaramála greinist þannig:

Staða í ársbyrjun	19.021.584	19.021.584	43.450.582
Starfsmat, sbr. skýringu 18	45.804.000	45.000.000	50.127.159
Kostnaðarhlutdeild, sbr. skýringu 18	50.000.000	50.000.000	0
Reikningsfært á sveitarfélög á árinu	(79.275.762)	(78.500.000)	(74.556.157)
Staða í árslok	35.549.822	35.521.584	19.021.584

Sundurliðun rekstrarreiknings

20 Rekstrartekjur og rekstrargjöld sundurliðast þannig eftir viðfangsefnum í þús.kr.:

	Gjöld	Tekjur	Staða	Fjárhagsáætlun
Sameiginlegar tekjur				
Framlag jöfnunarsjóðs	0	719.822	(719.822)	(666.645)
Samtals	0	719.822	(719.822)	(666.645)
Yfirstjórn				
Landsþing	2.779	0	2.779	5.675
Sambandsstjórn	40.814	0	40.814	45.823
Siðanefnd	0	0	0	372
Endurskoðun og reikningsskil	2.943	0	2.943	2.600
Aðrar nefndir og sérverkefni	26.401	0	26.401	28.475
Norrænt samstarf	230	0	230	830
Fulltrúaráð CEMR	2.229	0	2.229	2.297
Sveitastjórnarvettvangur EFTA	594	0	594	740
Annað erlent samstarf	0	0	0	150
Samtals	75.990	0	75.990	86.962
Rekstrar- og útgáfusvið				
Sérkostnaður sviðsins	237.433	38.991	198.441	175.796
Samtals	237.433	38.991	198.441	175.796
Hag- og upplýsingasvið				
Sérkostnaður sviðsins	91.770	2.500	89.270	90.138
Upplýsingaveita sveitarfélaga	1.525	0	1.525	1.525
Samtals	93.295	2.500	90.795	91.663
Kjarasvið				
Sérkostnaður sviðsins	139.093	50.000	89.093	75.832
Starfsmat	45.804	45.804	0	0
Kjaramálanefnd	0	0	0	953
Samtals	184.897	95.804	89.093	76.785
Próunar- og alþjóðasvið				
Sérkostnaður sviðsins	27.703	3.771	23.932	15.730
Brussel-skrifstofa	23.498	24.000	(502)	1.193
Styrkir (grænt og snjallt Ísland)	9.474	9.744	(270)	0
Stafræn framþróun	67.557	50.466	17.091	15.762
Stafræn verkefni	6.997	753	6.244	0
Forvarnarfulltrúi	18.310	16.000	2.310	2.032
Samtals	153.539	104.734	48.805	34.717

	Gjöld	Tekjur	Staða	Fjárhagsáætlun
Lögfræði og velferðarsvið				
Sérkostnaður sviðsins	162.125	11.108	151.017	142.491
Samstarfsverkefni í úrgangsmálum	48.790	33.841	14.949	23.551
Félagsþjónustunefnd	169	0	169	1.532
Skipulagsmálanefnd	338	0	338	1.463
Fræðslumálanefnd	1.101	0	1.101	1.286
Samtals	212.523	44.949	167.574	170.323
Ráðstefnur og námskeið				
Ráðstefnur	18.402	16.979	1.423	(1.935)
Námskeið	3.844	6.064	(2.220)	0
Samtals	22.246	23.043	(797)	(1.935)
Útgáfu- og kynningarmál				
Tímaritið Sveitarstjórnarmál	3.423	1.401	2.022	(399)
Upplýsingavefur sambandsins	0	0	0	3.880
Samtals	3.423	1.401	2.022	3.481
Hlutdeild í rekstri húsnæðis				
Borgartún 30	24.594	0	24.594	28.510
Hlutdeild samstarfsstofnana	(8.608)	0	(8.608)	(9.979)
Samtals	15.986	0	15.986	18.531
Sameiginlegur kostnaður				
Áunnið orlof breyting	(2.168)	0	(2.168)	1.000
Afskriftir	3.427	0	3.427	3.427
Annar starfsmannakostnaður	4.218	0	4.218	4.001
Staðgr. fjármagnstekjuskattur	953	0	953	200
Þjónustugjöld banka	244	0	244	193
Samtals	6.673	0	6.673	8.821
Alls rekstur	1.006.005	1.031.246	(25.240)	(1.501)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxta- og verðbótat. af veltufjm.	0	4.319	(4.319)	(1.002)
Vaxta- og verðbótagj. af skammtsk.	1	0	1	0
Samtals	1	4.319	(4.318)	(1.002)
Alls	1.006.006	1.035.565	(29.559)	(2.503)